

Ár 2025, föstudaginn 29. ágúst, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 3/2025

Knattspyrnufélagið Árbær

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 29. júlí 2025, þar sem Knattspyrnufélaginu Árbæ var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 250.000,- til KSÍ vegna framkvæmd leiks og vítaverðrar háttsemi stuðningsmanna félagsins sem fólst í því að steinum og gosdós var kastað í varamannabekk gestaliðs í Árbæis gegn Kormáki/Hvöt í Fótbolta.net bikarnum þann 16. júlí 2025.

Áfrýjun á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ fyrst þann 1. ágúst sl. Með bréfi dags. 11. ágúst 2025 var málinu vísað frá vegna formgalla og áfrýjanda veittur frestur til að bæta úr annmörkum í samræmi við gr. 8.4 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áfrýjandi skilaði inn nýrri áfrýjun þann 14. ágúst sl. og eru kröfur áfrýjanda eftirfarandi:

Að sekt samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 29. júlí 2025 verði felld niður.

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var Knattspyrnufélaginu Árbæ gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 250.000,- vegna framkvæmd leiks og háttsemi stuðningsmanna í leik gegn Kormáki/Hvöt í Fótbolta.net bikarnum þann 16. júlí 2025. Í skýrslu dómara til aga- og úrskurðarnefndar er að finna eftirfarandi lýsingu:

„Ég var dómari í í leik heimaleik Árbæjar í gær, 16. júlí í Fótbolta.net bikarnum. Eftir að heim var komið þá þykir mér ljóst að verulegir annmarkar eru á framkvæmd leiks og í raun ekki

forsvaranlegt að Árbær framkvæmi leiki nema með verulegum úrbótum. Ég útlista þessu hér lið fyrir lið.

Dómarar mæta 90 mínútum fyrir leik og er ekki tilbuinn klefi. Starfsmaður ekki í vinnu var á svæðinu og brást við með að litast um húsið. Kom okkur að endingu fyrir inni á skrifstofu þjálfara. Við fáum svo loks klefa þegar um 65 mínútur eru í leik.

Við úttekt á leikstað kom í ljós að það vantaði hornfána og mörk voru nálægt vellinum. Hornfánar voru ekki komnir upp þegar hefja átti leik og einungis búið að fjarlægja mörk á einni endalínu.

Boltar bárust ekki fyrr en 25 mínútum fyrir leik og fengum við ekki skýrslu fyrr en 15 mínútum fyrir leik.

Upphitun tafðist vegna vöntunar á klefa, skýrslu og boltum og gat því leikurinn ekki hafist á tilsettum tíma. Á leikskýrslu vantaði svo mörg númer hjá heimaliði. Meirihluti þeirra var handritaður og koma í ljós eftir leik að númer voru ekki rétt.

Engir boltasækjarar voru á leiknum og tafði það fyrir þar sem bolta voru ekki alltaf tiltækir og þurfti að hafa gætur á því varamannbekkur heimaliðs reyndi að koma bolta í leik sem var ekki leikbolti.

Búningsklefinn sem dómarar fengu deildu sturtu með gestaliði og var því ekki aðgengileg sturta fyrir dómara.

Engin gæsla er á svæðinu og er sannarlega þörf á. Varamannabekkur gestaliðs var ítrekað grýttur með steinum og einnig gosdós. Hegðun áhorfenda var slæm og enginn til að grípa inn í.

Þegar aðstoðarþjálfari heimamanna fær seinna gula spjaldið sitt og þar með rautt var enginn til að fjarlægja aðstoðarþjálfarann sem lét ekki af stjórn. Þjálfari heimamanna vildi litla ábyrgð taka og kvaðst einungis hafa stokkið til, væri ekki eiginlegur þjálfari liðsins. Þegar inn í klefa er komið ráðum við ráðum okkar varðandi að vera ekki með nafn þess sem fékk spjald. Dómari fór að klefa heimamanna til að leiðrétta númer á skýrslu og fá nafnið. Viðkomandi er hafði fengið spjaldið hélt áfram að malda í móinn en lét loks eftir og gaf upp nafn.

Dómarateymið upplifði sig ekki sem örugga í kringum leikinn né eftir leik.

Hver sem er hefur aðgengi að búningsaðstöðu eftir leik og er svæðið ekki afmarkað.

Eftir leik kemur upp atvik í búningsklefa gestaliðs þar sem brjótast út slagsmál. Við erum ekki vitni að því en þeir sem koma út úr klefanum tala um slagsmál milli samherja þar sem högg fara á milli.

Leikurinn sjálfur gekk vel og var hegðun leikmanna inn á vellinum góð.“

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísar til þess í hinum kærða úrskurði að sérhvert aðildarfélag beri hlutlæga ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geti hlotið viðurlög vegna háttsemi þeirra í samræmi við lög og reglugerðir KSÍ. Þá vísar aga- og úrskurðarnefnd jafnframt til þess að sérhvert aðildarfélag beri ábyrgð á framkvæmd heimaleikja sinna og beri að fara eins og kostur er eftir fyrimælum sem koma fram í lögum, reglugerðum og handbók leikja KSÍ. Aga- og

úrskurðarnefnd vísar enn fremur til þess að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns KSÍ skuli almennt lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum og að engar athugasemdir hafi borist frá Árbæ þegar félaginu var veittur kostur á andmælum. Í hinum kærða úrskurði er sú háttsemi áhorfenda að kasta steinum og gosdós í varamannabekk gestaliðs heimfærð undir d-lið gr. 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Til þess er vísað að ekki sé um fyrsta brot félagsins að ræða og er Árbæ gert að sæta sekt að fjárhæð kr. 250.000,-.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a til e liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt b-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli er gerð sú krafa að sekt samkvæmt hinum áfrýjaða úrskurði verði felld niður. Áfrýjandi mótmælir að vissu leyti lýsingum dómara leiksins af atvikum í áfrýjun sinni og kveður orð standa gegn orði í málinu hvað varðar að steinum hafi verið kastað. Áfrýjandi lýsir töfum á leik vegna þess að klefar hafi ekki verið klárir og að blek hafi vantað í prentara á skrifstofu og því hafi starfsmaður þurft að keyra heim til sín til þess að prenta út leikskýrslu. Þá lýsir áfrýjandi því að aðstoðarþjálfari liðsins hafi sagt dómara nafn sitt en að hann hafi fyrst viljað fá útskýringu á atviki sem átti sér stað í leiknum.

Krafa áfrýjanda byggir á því að orð dómara leiksins standi gegn öllum sem voru viðstaddir leikinn og að engar sannanir séu til staðar um að þetta hafi átt sér stað.

IV

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan sé sú að aga- og úrskurðarnefnd ber að styðjast við skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns.

Dómurinn hefur yfirfarið gögn málsins. Eins og að framan er rakið þá er það meginregla að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar um atvik máls. Félögum er veittur kostur á að framvísa gögnum og athugasemdum í því skyni að leiðrétta, eftir atvikum færa sönnur á það sem átti sér stað. Í máli þessu liggur fyrir að engar athugasemdir bárust aga- og úrskurðarnefnd. Áfrýjunardómstóll telur óhjákvæmilegt að líta til þessa við úrlausn málsins og að rétt sé að leggja skýrslu dómara til grundvallar um atvik máls.

Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn að framkvæmd umrædds leiks hafi verið verulega ábótavant og að áhorfendur hafi sýnt af sér vítaverða háttsemi í skilningi d-liðar gr. 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áfrýjunardómstóll KSÍ telur sekt að fjárhæð kr. 200.000,- hóflega.

Dómsorð:

Knattspyrnufélagið Árbær skal sæta sekt að fjárhæð kr. 200.000,- til KSÍ

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]